

REYKJAVÍKURBORG
OKTÓBER 2022

Söfnun skjalasafna einstaklinga

Greining með aðferðafræði kynjaðrar
fjárhags- og starfsáætlunar



PON – Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Efnisyfirlit

Samantekt	1
Lýsing á verkefninu og greiningunni	2
Kostnaður	2
Gögn	2
Inngangur	3
Kortlagning	6
Niðurstaða	7
Aðgerðir	10
Eftirlit og mat á árangri	10
Lokaorð	11

Samantekt

Greiningin sýndi að einkaskjalasöfn varðveitt á Borgarskjalasafni eru að meirihluta til frá íslenskum körlum sem fæddir eru í lok 19. aldar eða fyrri hluta 20. aldar. Það hallar á einkaskjalsöfn kvenna sem og einstaklinga af erlendu bergi brotnu og einnig þeirra sem búa utan Elliðaáa.

Ljóst er að Borgarskjalasafn þarf að vinna að stefnumótun söfnun einkaskjalasafna sem og söfnunarátaki yngri skjalasafna.

Markmiðið er að varðveita heimildir um sögu og mannlíf borgarinnar og gefa sem fjölbreyttustu mynd af fortíðinni.

Lýsing á verkefni og greiningunni

Þjónustupáttur: Söfnun skjalasafna einstaklinga á Borgarskjalasafni.

Nafn fagsviðs/skrifstofu: ÞON – Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

Nafn ábyrgðaraðila: Svanhildur Bogadóttir

Greiningaraðilar/teymi: Diljá Auður Kolbeinsdóttir Gray, Finnur Jónasson, Svanhildur Bogadóttir og greiningaraðili Andrés Erlingsson.

Hvenær/greiningartími: Ágúst/sept 2022.

Kostnaður

Kostnaður þjónustupáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun: Ekki tilgreint sérstaklega í áætlun. Kostnaður er vinna starfsmanns, öskjur, arkir, kynningarefni.

Tekjur skv. nýjustu fjárhagsáætlun: Á ekki við.

Hversu stór hluti er verkefnið af fjárhagsáætlun fagsviðs? ca 0,2% áætlað.

Gögn

Hvaða gögnum er safnað/eru til? Upplýsingar koma fram í aðfangaskrá safnsins og skjalaskrá.

Var farið í sérstaka gagnaöflun fyrir þessa greiningu? Já.

Er einhver gögn sem þyrfti að safna, eða bæta skráningu? Vinna þyrfti árlegar greiningar á söfnum sem hafa borist og greina þær í árslok eða upphafi næsta árs. Væri hægt að hafa hluta af ársskýrslu safnsins.

Inngangur

Markmið greiningarinnar er að kanna safnkostinn og hvort hann endurspegli raunverulega samsetningu samfélagsins eða þá hvort að safnkosturinn segi fremur sögu fólks í ákveðinni forréttindastöðu í samfélaginu.

Greind voru öll söfn einstaklinga sem hafa borist frá stofnun árið 1954 og allt til ársins 2021.

Eftirfarandi þættir voru skráðir: Nafn safns, fæðingar og dánardagur (ef við átti) einstaklings, tímabil skjala, kyn viðkomandi, aldur, staða og önnur staða ef við átti.

Leitast var við að kanna og skrá eftirfarandi: Þjóðerni, uppruna, trú/lífsskoðun, hinseginleika, fötlun og skerðingu á lífsgæðum.

Hvaða stefnur, lög og reglur gilda sem snerta þjónustubáttinn?

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

- 16. gr. *Einkaskjalasöfn.*

„Opinberu skjalasafni er heimilt að taka við skjölum annarra en afhendingarskyldra aðila til varðveislu og eignar ef þau eru talin hafa mikilvæga þýðingu fyrir hlutverk safnsins skv. 13. gr. Þegar sérstaklega stendur á er opinberu skjalasafni þó heimilt að taka við slíkum skjölum með skilyrði um að þau verði ekki gerð aðgengileg í ákveðinn tíma, en hann má lengstur vera 80 ár og er heimilt að hafa ólík tímaviðmið um aðgang almennings annars vegar og fræðimanna í skilningi 8. mgr. 37. gr. hins vegar. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um aðgang að slíkum skjalasöfnum eftir því sem við getur átt.“

Reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.

13. gr.

„Héraðsskjalasöfn skulu annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum og á allan hátt leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu síns umdæmis, sbr. 3. gr. laga nr. 66/ 1985 um hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands.“

4. gr.

„...Héraðsskjalasöfn skulu leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu.“

Samþykkt um Borgarskjalasafn frá árinu 2006.

4. gr.

4. m.gr. „skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra.“

5. m.gr. „leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á sögu Reykjavíkur og stuðla að rannsóknum á henni.“

6. m.gr. „halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt er að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins.“

Lög um jafn stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

1. gr. *Markmið.*

1. m.gr. „Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allt fólk skal eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Með *kyni* í lögum þessum er átt við konur, karla og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá nema annars sé sérstaklega getið.“ Þá sérstaklega eftirfarandi málslíðir:

a. „gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins.“

b. „vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu.“

c. „bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.“

g. „greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni.“

h. „efla rannsóknir í kynja- og jafnréttisfræðum.“

j. „breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla“

l. „gæta sérstaklega að stöðu fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá“

m. „vinna gegn fjölþættri mismunun.“

29. gr. *Greining á tölfræðiupplýsingum.*

1.m .gr. „Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.“

2. m.gr. „Þá skulu opinberir aðilar leitast við að greina á milli kynja við alla tölfræðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.“

30. gr. *Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða.*

1. m. gr. „Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.“

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

11.3 *Reykjavíkurborg sem miðstöð þjónustu.*

„Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að búa borgarbúum öruggt og friðsamlegt umhverfi. Það felur í sér aðgerðir til að draga úr eða uppræta hættur í umhverfinu, svo sem með því að gæta að öryggi mannvirkja og lýsingu. Hér þarf að gæta að því sérstaklega að fólk stendur frammi fyrir ólíkum vandamálum hvað snertir öryggi. Huga þarf að ólíkri stöðu kynja, aldri uppruna, fötluðu fólki og öðrum hópum sem mannréttindastefnan tekur til. Sérstaklega þarf að huga að áhrifum margfaldrar mismunar.“

13. *Upplýsingaöflun og miðlun.*

13.5 „Allt upplýsingaefni borgarinnar endurspeglar og tekur tillit til margbreytileika borgarasamfélagsins eins og frekast er kostur.“

Kortlagning

Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur starfa fjórar konur og fimm karlar, auk tveggja karla í tímabundnum störfum. Ef skoðuð er kynjasamsetning þeirra sem að leita til okkar og vilja nýta þjónustu Borgarskjalasafns þá eru konur í minnihluta þeirra sem að koma á safnið eða 33% en karlar eru 67%. Hins vegar ef skoðaðar eru fyrirspurnir þeirra sem að hringja eða senda tölvupóst minnkar tölfræðilegur mismunur en þá eru konur um 45% þeirra sem leita til okkar með öðrum af eftirtöldum hætti en karlar um 55%. Miðað við önnur söfn Reykjavíkurborgar telst þetta óvanalegt þar sem að oftast eru ekki konur í meirihluta þeirra sem að sækja söfn heim. Það gæti þó átt sér skýringar þess að töluverður munur gætir milli minja- og listasafna á anna bóginn og héraðsskjalasafna á hinn bóginn. Safnið er opið öllum og veitir öllum jafna þjónustu og aðstoðar eftir bestur getu þá sem á þurfa á halda, t.d. heyrnarskertra, þau sem ekki tala íslensku, þroskahamlaða o.s.frv. Með öðrum orðum, þá sækjast konur jafn mikið eftir þjónustu safnsins og karlar en hafa síður tækifæri til að sækja safnið heim á opnunartíma, en hann hefur verið stytur úr sex stundum á dag í þrjár stundir á dag í hagræðingarskyni.

Vefurinn er aðgengilegur á íslensku sem og á ensku en beðið er eftir nýrri og bættri útgáfu vefsins. Borgarskjalasafn er staðsett að Tryggvagötu 15 í 101 Reykjavík. Húsnæðið var tekið í notkun 1998. Lyfta er í húsinu og salerni með aðgengi en sökum aldurs húsnæðisins þá mætti endurskoða önnur atriði sem varða aðgengi, svo sem dyraop og þröskulda. Einnig mætti nefna sjálfvirka opnun á hurð frá stigagangi á lesstofu en safnið hefur í nokkur ár óskað eftir að það verði gert í viðhaldsáætlunum safnsins.


Ekki eru til greinanleg gögn þegar kemur að einstaklingum sem líklegri eru að upplifa margþætta mismunum í lífi sínu þ.e. að ekki bera þau skjalasöfn sem varðveitt eru á Borgarskjalasafni með sér samtönnun (e. *intersectionalism*) eða réttara sagt treysta starfsmenn Borgarskjalasafns sér ekki til þess að greina skjalasöfnins sem svo þ.e. skjalasöfnin gefa ekki nógu skýrt til kynna hvort um sé að ræða samtönnun einstaklings í skjalasafni. Vegna atvika sem upp höfðu komið áður á lesstofu safnsins þá kom til umræðu að hætta þjónustu við fólk undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna en ákveðið var að halda þjónustu áfram við þá einstaklinga ef þeir ógnuðu ekki öryggi starfsfólks eða annarra gesta.

Þau skjalasöfn sem Borgarskjalasafn berast eru oft á tíðum úr dánarbúi einstaklinga og hafa þá ættingjar eða vinir fært safninu skjalasöfnin til varðveislu. Hægt er að færa rök fyrir því að slíkt gæti flokkast undir ólaunuð heimils- og umönnunarstörf. Ef greina ætti hvort að slíkt fellur í hendur karla eða kvenna þyrfti að leggjast í nánari greiningu á afhendingaraðilum Borgarskjalasafns. Slíkt yrði torvelt því á stundum hafa viðkomandi einstaklingar verið búnir að ganga frá safni sínu áður en þeir féllu frá.

Niðurstaða

Gögnin sem tekin voru til greiningar voru þau einkaskjalasöfn sem borist hafa Borgarskjalasafni frá árunum 1954 – 2021. Safnið varðveitt 710 einkaskjalasöfn og þar af eru 391 söfn frá einstaklingum. Skjalasöfn kvenna eru 117 eða 30% af safnkostinum sem um ræðir en 213 söfn eða 54% sem tilheyrir körlum. 16% eða 61 einkaskjalasafn tilheyrir hjónum, systkinum eða fjölskyldu. Safnkosturinn nær ekki til fólks sem skilgreinir sig utan kynjatlíhyggjunnar, að minnsta kosti ekki en sem komið er. Þó að kynsegin einstaklingar hafa verið hluti af flóru lífsins í árþúsundir gætir ekki skjalasafn þeirra innan safnkosts Borgarskjalasafns. Margvíslegar ástæður geta legið þar að baki en helst ber að nefna að það frelsi til að þess að skilgreina sjálfan sig utan kynjatlíhyggjunnar án fordóma eða jafnvel ofsóknar hefur ekki verið sjálfgefin. Sama skýring gæti legið að baki þess að vöntun er á skjalasöfnum hinsegin einstaklinga í safnkosti safnsins. Þjóðminjasafn Íslands hélt málþing í október 2022 um hinsegin sögu og söfn. Þar kom fram að líkur eru á að skjalasöfn hinsegin einstaklinga berist á næstu árum þar sem réttindabarátta hinsegin samfélagsins sé að þróast, meiri vakning innan samfélagsins á því að stóra hluta vantar í sögu þeirra og með þeirra rödd og með þeirra rödd og heimildum sé hægt að fá dýpri þekkingu á sögu hinsegin samfélagsins.

EINKASKJALASÖFN Á BORGARSKJALASAFNI



mynd 1.1 skipting safnkosts einkaskjalasafna á Borgarskjalasafni.

Einkaskjalasöfn eftir kynjum



mynd 1.2 skipting skjalasafna eftir kynjum.

Nr.	Heiti	Fæðingarár	Fædd/úr - Latín/n	Fædd/úr - Latín/n	Tímabil skjala	karlar	konur	aldur	staða	staða 2	Þjófberni	lífskoðun	hinseginleiki	fötun/skerðing á lífsgæðum
28	Kristín Tomasdóttir		1874-1965			X	X	91				Íslendingur		
29	Gunnar Sveinsson		1926-1993			X		57	Skald			Íslendingur		
30	Þorleifur Bjarnason, yfirkeruani (SH)		1863-1935			X		72	Yfirkeruani			Íslendingur		
32	Jóhannes S. Kjartan, listmálari (SH)		1885-1972			X		87	Listmálari			Íslendingur		
36	Jón Halldórsson, húsgagnasmíðameistari (SB)		1871-1943			X		72	Húsgagnasmíðameistari			Íslendingur		
41	Tomas Jónsson, bæjarntani í Reykjavík (GLRB)		1900-1964			X		64	Bæjarntani	Bergslögmáður		Íslendingur		
44	Gísli Ólafsson, bakari (GI)		1898-1991			X		93	Bakari			Íslendingur		
49	Jóhann Þorkelsson, prestur, og Þuridur Jóhannsdóttir (GI)	1851-1944		1850-1903		X	X	93	Prestur			Íslendingur		
53	Sveinbjörn K. Amason, kaupmaður og gluggaskreytir (RB)			1904-1990		X		86	Kaupmaður	Gluggaskreytir		Íslendingur		
57	Guðbrandur Jóhannsson og Valgerður Stefánsdóttir (GI)	d. 1987				X	X		Bílafjori			Íslendingur		
64	Stefán B. Jónsson (GI)					X			Kaupmaður			Íslendingur		
67	Simon Ólafsson og Sesselía Jónsdóttir (GI)		1864-1935	1865-1946		X	X	71	Sjómáður			Íslendingur		

mynd 1.3 dæmi hvernig safnkostur var greindur.

Mynd 1.3 hér að ofan sýnir dæmi þess hvernig safnkostur var greindur. Töfluforritið Excel var nýtt til þess að setja upp hvert skjalasafn fyrir sig. Hvert skjalasafn hefur svokallað E númer sem sjá má sjá í dálk A. Ástæða þess að inn á milli gæti vantað nokkur númer er sú að einkaskjalasöfn fyrirtækja, félagasamtaka o.s.frv. voru ekki tekin með í greiningunni en þau fá líka á sig E númer. Heiti skjalasafnsins kemur svo þar á eftir í dálk B og tekur það oftast mið af nafni skjalamyndara. Líkt og sjá má þá eru nokkur skjalasöfn sem að bera heiti bæði kvenna og karla og falla undir þau 16% sem nefnd voru hér að ofan um skjalasöfn sem að tilheyra hjónum, systkinum eða fjölskyldu. Í dálkum C til E má finna fæðingarár og dánarár skjalamyndara. Flest söfn eru frá einstaklingum fæddir í lok 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Í dálk F er tímabil skjala tekið fram. Í undantekningartilvikum eru skjöl sem urðu til utan æviskeiðs skjalamyndara. Í dálkum G og H má sjá skiptingu kynja skjalasafnanna. Í dálk I er aldur skjalamyndara sem miðast oftast við dánarár. Skjölin ná yfirleitt frá síðar æviskeiði einstaklinga og því er ekki mikið um skjöl barna og unglinga. Í dálkum J og K má sjá stöðu/starfsheiti skjalamyndara. Skjalasöfnin ná til fólks af öllum stéttum og stigum samfélagsins. Í dálki L má sjá þjóðerni skjalamyndara en nær allir einstaklingar eru skilgreindir sem Íslendingar. Tveir skjalamyndarar í 391 skjalasöfnum eru erlendir, þar af annar skilgreindur sem innflytjandi.

Í dálkum M, N og O má finna flokkana *lífsskoðun*, *hinseginleiki*, *fötlun/eða skerðing á lífsgæðum*. Í greiningu á safnkosti þá voru þessir dálkar alla jafnan skildir eftir auðir. Aðeins kemur fram í fjórum skjalaskráum t.d. hvers trúar einstaklingurinn var og eru þau öll fjögur talsins kristin. Trúarskoðanir eru almennt ekki teknar fram í skjalaskráum og ekki spurt um á móttökublöðum við afhendingu skjalasafns. Það sama á við hinseginleika, fötlun og/eða skerðingu á lífsgæðum. Borgarskjalasafn telur sig ekki getað stimplað þau skjalasöfn sem fyrir eru út frá þessum þýðum og er það ekki heimilt samkvæmt persónuverndarlögum. Hins vegar er trúlegt að á næstu árum munu skjalasöfn einstaklinga sem berast safninu gefa betri sýn á þverskurði samfélagsins og fjölbreytileika lífsins. Því telst safnkosturinn nú tiltölulega einsleitur miðað við framangreint þýði. Greining safnkosts leiddi í ljós að þá hallar á konur og það vantar meira af skjölum frá yngra fólki, það er fólk sem fætt er eftir 1940. Lítið er um skjöl einstaklinga af erlendum uppruna.

Allir eru velkomnir á safnið og boðið er upp á þjónustu sem að hæfir hverjum hóp. Safnið hefur reglulega farið í átak í söfnun skjala ákveðinna hópa, t.d. innflytjenda, kvenna og fólks utan Elliðaáa. Safnið þyrfti að fara í átak í að leita af skjölum yngra fólks sem og að vinna að stefnumótun fyrir söfnun einkaskjalasafna. Þessar aðgerðir eru helsti möguleiki Borgarskjalasafns til að hafa áhrif á hverju er skilað inn.

Áður fyrr voru það einkum erfingjar viðkomandi einstaklinga sem afhentu skjalasöfn til varðveislu. Á síðustu árum hefur færst í aukana að einstaklingar komi með eigin skjalasöfn til varðveislu. Skjalaverðir taka ákvörðun um hvort skjalasafn sé samþykkt eða hafnað. Algengasta ástæða höfnunar er vegna þess að þau þykja ekki hafa gildi fyrir sögu Reykjavíkur,

Reykvíkinga eða landsins. Dæmi um slík skjalasöfn eru úrklippur, prentað efni, bækur, jólakort (ákveðin mettun orðin) og bókhald.

Borgarskjalasafn getur haft áhrif á hvað kemur til varðveislu með því að kynna út á við hvað safnið hefur sérstakan áhuga á að fá til varðveislu. Slík kynningarátök hafa áhrif og má til að mynda nefna að hlutfall skjala kvenna á safninu hefur á tveimur tugum ára farið úr því að vera 15% í 30%. Hægt er að fara í slík átök með öðrum opinberum skjalasöfnum, með greinarskrifum og markpósti. Til að mynda var innflytjendum sem voru á útsendingarlista Alþjóðahúss sent bréf um áhuga á að fá skjalasöfn innflytjenda til varðveislu, safnið var tvívegis með bás á margmenningardegi í Ráðhúsi og konum á ákveðnum aldri í ákveðnum hverfum í Reykjavík sem halaði á í tölfræði, var sendur markpóstur. Átök sem þessi skila árangri smátt og smátt. Þannig leitast Borgarskjalasafn Reykjavíkur við að stuðla að jafnrétti.

Aðgerðir

Hvaða aðgerðir þyrfti að fara í til að stuðla að jafnrétti?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stefnumótun.	Útbúa stefnu fyrir söfnun einkaskjalasafna.	Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður.	31. janúar 2023.
Skjöl yngri hópa.	Auglýsing, greinarskrif, kynningar.	Finnur Jónasson, teymisstjóri.	28. febrúar 2023.
Ársskýrsla	Árleg greining á söfnum.		

Eftirlit og mat á árangri

Aðgerð	Mælikvarðar	Staða framkvæmdar	Ábyrgð	Eftirfylgni
Stefnumótun.	Dagsetning fyrir fagráð.	Ljúka fyrir 31. janúar 2023.	Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður.	
Skjöl yngri hópa.	Hvað hefur verið gert.	Ekki hafið.	Finnur Jónasson, teymisstjóri.	Taka stöðuna 28. febrúar.
Ársskýrsla	Mat/greining á söfnum sem hafa borist á síðasta starfsári			

Umræða/Lokaorð

Við mat á því hvaða skjölum er tekið við eða kallað eftir er eingöngu horft til eðli skjalanna og efni þeirra með tilliti til heimildagildis um sögu og mannlíf borgarinnar.

Borgarskjalasafn hefur í gegnum tíðina hvatt ólíka einstaklinga og hópa til að skila inn einkaskjölum sínum til varðveislu og þannig reynt að tryggja að fá sem víðtækasta og fjölbreyttasta mynd að mannlífi borgarinnar og þannig reynt að ná til sem flestra óháð ofangreindra skilgreininga á stöðu þeirra innan samfélagsins. Öll söfn einstaklinga sem tengjast sögu Reykjavíkur eru velkomin.